



Sjúkratryggingar
Íslands

Fjárlaganefnd
Alþingi v Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2021

Efni: Fjárlagafrumvarp 2022 og rekstraráætlun Sjúkratrygginga Íslands 2022

Sjúkratryggingar Íslands leyfa sér að senda erindi til fjárlaganefndar vegna ofangreinds í ljósi mikilvægis verkefna stofnunarinnar og þess að til þeirra er sérstaklega vísað í stjórnarsáttmála.

Í ljósi framkomins fjárlagafrumvarps fyrir árið 2021 liggur fyrir fjárvöntun til rekstrar Sjúkratrygginga Íslands sem nemur 141 m.kr. á árinu 2022. Til að ná slíkri lækkun rekstrarkostnaðar þyrfti að fækka stöðugildum um 13-19 (eftir því hvort miðað er við laun fulltrúa eða sérfræðinga) eða sem nemur allt að 15% af mannafla stofnunarinnar. Þá er gert ráð fyrir að verðbætur verði í samræmi við raunverðlagsþróun og að verkefni að mestu óbreytt.

Ofangreint miðast við að kostnaður vegna breytinga á lagaumhverfi, og þar með á verkefnum stofnunarinnar, verði bættur. Annars vegar er um að ræða 6 m.kr. stofnkostnað vegna breytinga á slysatryggingum almannatrygginga sem kalla á breytingar á upplýsingatæknikerfum innan SÍ (einskiptis kostnaður). Hins vegar er um að ræða kostnað við afgreiðslu erinda um bætur vegna COVID bólusetninga en samkvæmt kostnaðarmati hins opinbera mun þurfa að bæta við tveimur stöðugildum lögfræðinga til tveggja ára og tveimur stöðugildum fulltrúa en kostnaður við þetta nemur að lágmarki 37 m.kr. á ársgrunni. Samtals nemur kostnaður við þessar lagabreytingar skv. kostnaðarmati yfirvalda því um 43 m.kr. til viðbótar við það sem að ofan er talið (141 m.kr.).

Þetta mat, 141 m.kr., er algert lágmark til að viðhalda núverandi starfsemi og halda áfram að taka lítil en markviss skref að uppbyggingu í góðu samstarfi við heilbrigðisráðuneytið og Ríkisendurskoðun. Þar ber ekki síst að nefna innleiðingu samninga um þjónustutengda fjármögnun (DRG) sem þegar hafa verið gerðir bæði við Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri. Þarna er um mjög umfangsmikla samninga að ræða og því mikið í húfi að innleiðing og framkvæmd þeirra gangi sem best.

Í ljósi þessa og þeirrar áherslu sem lögð er á uppbyggingu Sjúkratrygginga Íslands í stjórnarsáttmála er það von stofnunarinnar að unnt verði að samþykkja þetta erindi.

Fh. Sjúkratrygginga Íslands

María Heimisdóttir, forstjóri

Afrit: Vilborg Hauksdóttir, formaður stjórnar SÍ.